Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Reykjavík, 8. júní 2021

Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

***Rammasamningur um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs hjá Reykjavíkurborg - EES útboð nr. 15119***

Tilboð í ofangreindu útboði voru opnuð þann 1. júní sl og skiluðu þrjú fyrirtæki tilboði þ.e. Íslenska Gámafélagið ehf, HP Gámar ehf og Terra Umhverfisþjónusta hf.
Í kafla 0.8 í útboðslýsingu segir „Samið verður við þann aðila sem á hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli eftirfarandi matslíkans og hlýtur flest stig."

| | Vægi |
|---|---|
| **Verð** | 80% (80 stig) |
| **Gæði: Tegund aflgjafa** | 20% (20 stig) |
| **Samtals:** | 100% (100 stig) |

Bjóðendur hlutu eftirfarandi stig:

| Verð Tilboðsfjárhæð m/VSK m.v. áætlað magn á ári | Íslenska Gámafélagið ehf | HP Gámar ehf | Terra Umhverfisþjónusta hf |
|---|---|---|---|
| | 43.737.300 | 69.202.310 | 74.630.151 |
| Stig | 80 | 51 | 47 |
| **Gæði** | **Íslenska Gámafélagið ehf** | **HP Gámar ehf** | **Terra Umhverfisþjónusta hf** |
| Stig | 5 | 0 | 4 |
| Samtals: | **85** | **51** | **51** |

Innkaupaskrifstofa er búin að yfirfara tilboð lægst bjóðanda sem var Íslenska Gámafélagið ehf hvað varðar fjárhagslegt og tæknilegt hæfi og uppfyllir umrætt tilboð kröfur útboðsgagna og því er lagt til að semja við Íslenska Gámafélagið ehf að upphæð 43.737.300 kr m/VSK en þessi upphæð er fyrir áætlað magn á losun og leigu á helstu sorpílátum á ársgrundvelli. Einnig var beðið um verðlista vegna losunar/leigu á öðrum sorpílátum en þeim sem tilgreind eru í tilboðsskrá og fær Reykjavíkurborg 12% afslátt. Einnig bauð Íslenska Gámafélagið ehf Reykjavíkurborg 7% afslátt frá listaverðum heildsölu vegna flokkunaríláta og poka. Gildistími samnings er fjögur ár frá því að samningur kemst á. Hægt er að segja samningi upp með þriggja mánaða fyrirvara, í fyrsta lagi níu mánuðum eftir gildistöku samnings.

Virðingarfyllst,

Óskar Long Einarsson

Óskar Long Einarsson
Sérfræðingur
Innkaupaskrifstofa